

Framboð til kirkjuþings

Hjörleifur Þórarinsson

3. kjördæmi Kjalarnesprófastsdæmi



Árið 2022 bauð ég mig fram sem varamaður á Kirkjuþingi fyrir Kjalarnesprófastsdæmi. Ég tók sæti á þinginu í fjögur skipti á yfirstandandi kjörtímabili og skipa nú sæti aðalmanns á þinginu. Þessi ár hafa veitt mér dýrmæta sýn á störf og verkefni Kirkjuþings og hafa vakið áhuga minn á að gefa kost á mér í sæti aðalmanns fyrir Kjalarnesprófastsdæmi á komandi kjörtímabili. Þá tel ég mig einnig hafa góðan skilning á þeim verkefnum sem eru á höndum sókna landsins og þeim áskorunum sem þær standa frammi fyrir.

Ég er 66 ára, kvæntur Bergþóru Baldursdóttur sjúkráþjálfara og börn okkar eru þrjú. Foreldar mínir voru þau Sigrún I. Sigurþórsdóttir og Þórarinn Þórarinsson guðfræðingur og skólustjóri á Eiðum.

Ég er menntaður lyfjafræðingur og hef starfað á vettvangi lyfjamála frá því ég kom heim frá námi í Kaupmannahöfn 1984. Í dag veiti ég forstöðu fyrirtækinu Lyfjauðkenni ehf. og er megin viðfangsefni starfsins að koma í veg fyrir að fölsuð lyf komist í umferð og til sjúklinga.

Ég hef um árabil starfað sem sjálfbóðaliði í kirkjulegu starfi í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Ég hef verið formaður sóknarnefndar frá árinu 2011 og er einn fulltrúa Kjalarnessprófastsdæmis í Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar. Í Víðistaðakirkju starfa ég einnig sem messuþjónn og syng í kór kirkjunnar.

Með þeim breytingum sem orðið hafa á lögum um þjóðkirkjuna, hafa orðið straumhvörf í starfi og skipulagi kirkjunnar. Kirkjuþing mótar stefnu þjóðkirkjunnar og setur starfsreglur fyrir okkar innra starf og þingið fer jafnframt með fjárveitingarvald þeirra fjármuna sem kirkjujarðasamkomulagið tryggir þjóðkirkjunni.

Prestar eru ekki lengur opinberir embættismenn heldur starfsfólk sjálfstæðs trúfélags sem hefur skyldur gagnvart öllum þegnum þessa lands. Skoða þarf einföldun regluverks og móta stefnu nútíma kirkju þannig að hún hafi sterka samfélagslega skírskotun og eigi erindi við samtíma sinn. Á sama tíma þarf að halda rekstri innan þeirra marka sem fjárhagnum eru sett hverju sinni.

Í þessu starfi vil ég leggja mitt lóð á vogarskálar og gef því kost á mér til sætis á Kirkjubígingi fyrir Kjalarnesprófastsdæmi.